

Nd.

40. Frumvarp til laga

um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda Ness í Selvogi, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, þann hluta jarðarinnar, er ríkissjóður á og liggur vestan við merkjalínu úr Hellisþúfu sjónhending til sjávar í Viðarhelli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk Guðmundar Jónssonar, eiganda og ábúanda jarðarinnar Ness í Selvogi.

Fyrri hluta sumars árið 1934 fóru fram samningsumleitanir við eigendur jarða þeirra, er land eiga á sandsvæðinu frá ósum Ölfusár vestur til Selvogs, um sandgræðslu á þessu svæði og friðun landsins. Hafði sýslumaður Árnessýslu forgöngu í málinu.

Sýslumanni og eigandanum að Nesi kom ásamt um, hvaða landsvæði skyldi friða af Neslandi, en það var austan frá Hliðarendalandi um sandmótin vestur í Hellisþúfu og þaðan sjónhending til sjávar í Viðarhelli. Um haustið 1934 var til fulls gengið frá þessum samningum og var þá ákveðið, hvað mikið land skyldi friða, og var það hvað Nesland snertir svæði austan þeirrar markalínu, er að ofan getur.

Þegar til þess kom að girða landið, vildi sandgræðslustjóri, að girðingin lægi vestur við byggð í Selvogi. Frá því var þó horfið að lokum og girðingin sett dálítið austar, en þó miklu vestar en upphaflega var um samið.

Með þessari framkvæmd var land jarðarinnar stórlega skert og langt umfram það, sem upphaflega var um talað. Landspilda sú, sem hér er farið fram á að fá keypta, er að kalla gróin, og var það þegar girðingin var sett, enda nú ekki farið fram á að fá meira af landinu keypt en upphaflega átti að vera utan sandgirðingarinnar. Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé á uppblæstri af þessu landi, þó að það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið.

Sýslumaður Árneseinga hafði glöggst auga og góðan kunnugleik á gróðri landsins og ásigkomulagi þess, þegar samningar fóru fram við hann um, hvað friða skyldi, og hefði verið bezt og sanngjarnast að fara eftir því, er hann lagði til.

Nú hagar svo til í Selvogi, að bændur verða nær eingöngu að lifa af sauðfjárrækt. Og þar sem nær enginn heyskapur er þar utan túns og sauðféð verður mikið að lifa af beit, þarf mikið landrými. Nú herjar mæðiveikin á í næstu sveitum. Til þess að verjast henni hefir bóndinn í Nesi lagt mikið fé í kostnað við girðingar og heldur fénu þar árið um kring. Eykur þetta á hörfina fyrir aukið landrými. Auk ábúanda og eiganda jarðarinnar hefir annar bóndi not af landi jarðarinnar. Bóndinn á Nesi á fjóra sonu uppkomna. Þeir eru að mestu heima og vinna hjá föður sínum, en einn þeirra bræðra hefir nú um nokkurt skeið stundað sjó, af því að land skortir heima fyrir til þess að hann gæti byrjað þar búskap. Fáir faðir hans land þetta keypt, er hann óskar nú eftir, leikur honum hugur á að hverfa heim aftur og fara að búa. Mætti þá svo fara, að bræðurnir allir gætu búið á jörð föður síns, og væri vel þess vert að greiða fyrir því.

Menn eru hvattir til að starfa í sveitunum og hverfa þaðan ekki. Er slíkt af fullri nauðsyn gert, og má þó vera, að enn sjáist það betur síðar. Margir álíta, að mikil nauðsyn sé á því, að fólkinu fjölgi þar fremur en fækki. En ef svo á að verða, verður að skipta jörðunum í fleiri býli og stofna nýbýli, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Að þarflausu ætti þá ekki heldur að hindra þá ungu menn frá því að lifa og starfa í sveitunum áfram, sem hafa á því fullan hug.